




„Þeir fólar sem frelsi vort svíkja.“
Lög, ásakanir og dómar um landráð á Íslandi

Guðni Th. Jóhannesson, gj@ru.is

Íslendingabragur Jóns Ólafssonar, 1870

En þeir fólar, sem frelsi vort
svíkja
Og flýja í lið með níðinga-fans
Sem af útlendum upphefð sjer
sníkja,
Eru svívirða og pest föðurlands
...
Ei djöfullegra dáðlaust þing,
En danskan Íslending!



Landráð í hrúni

- „Viðskipti með bréf bankanna voru kannski lögleg en ég kalla þau landráð því þau kollvörpuðu bankakerfinu” (Vilhjálmur Bjarnason)
- „Landráð af gáleysi” (Páll Skúlason)
- „Icesave samningarnir eru skömm þeirra, sem um sömdu og landráð þeirra, sem undir skrifa” (Ólafur Arnarson)



X. kafli almennra hegningarlaga. Landráð (86.-97. gr.)

86. gr. Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenska ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en fjögur ár eða ævilangt.

X. kafli almennra hegningarlaga. Landráð (86.-97. gr.)

91. gr. Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum. ...

X. kafli almennra hegningarlaga. Landráð (86.-97. gr.)

91. gr. Sömu refsingu [allt að 16 ára fangelsi] skal enn fremur hver sá sæta, sem falið hefur verið á hendur af íslenska ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenska ríkisins í þeim erindrekstri.

Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. mgr. hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með fangelsi allt að þremur árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

X. kafli almennra hegningarlaga. Landráð (86.-97. gr.)

95. gr. Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að sex árum.

97. gr. Mál út af brotum, sem í þessum kafla getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll meðferð sakamála.

„Innra og ytra öryggi ríkisins“

XI. kafli. Brot gegn stjórn- skipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

98. gr. Veki maður eða stýri
uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun ríkisins,
þá varðar það fangelsi, ekki skemur en þrjú ár eða
ævilangt.

100. gr. Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða
sjálfræði þess er hættu búin, lætur boð út ganga, sem
að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki
skemur en eitt ár, og getur refsingin orðið ævilangt
fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.



Föðurlandssvik

„Brot gegn öryggi eða sjálfstæði ríkis út á við eða inn á við, föðurlandssvik“.

„Minnti lögmaðurinn á að landráð væru að skilningi hegningarlaganna eitt svívirðilegasta brot sem um getur og slíkir menn væru nánast óalandi og óferjandi.“



Landráð á Íslandi


- „Þetta eru einhver hryllilegustu mistök í samningsgerð sem gerð hafa verið frá því árið 1962. Ég ætla ekki að nota orðið landráð.“ (Davíð Oddsson, 2009)



Landráð á Þjóðveldisöld?

„Íslensku höfðingjarnir á 13. öld, er gerst höfðu handgengnir konungi, töldu það landráð að svíkja hann en ekki hitt, að koma landinu á hans vald. ... Mér dettur ekki í hug að halda að menn með skapgerð þeirra Gissurar Þorvaldssonar og Hrafns Oddssonar hefðu gerst kvislingar ef þeir hefðu verið uppi í Noregi árið 1940. Það er algerlega villandi að flytja hugtök 20. aldar manna um ættjarðarást og landráð aftur á 13. öld.”

(Ólafur Hansson, 1953)



Jónsbók og Norsku lög

„Hver sem lastar kónginn eður drottninguna þeim til niðrunar, eður sækir eftir þeirra eður þeirra barna lífi, hafi fyrirgjört æru, lífi og góssi; hans hægri hönd verði honum lifandi afhöggvin, líkaminn sundurpartaður og lagður á hjól og steglur, og höfuðið ásamt með hendinni setjast upp á stjaka.“ (Norsku lög)



Nútíminn nálgast...

- „Almenn hegningarlög handa Íslandi“, 1869
- Landráðabrigsl í sjálfstæðisbaráttunni
 - „Þeir fáu, sem hafa haft manndáð i sér til þess, að líta sjálfstæðum augum á málið og farið að mögla, hafa ekki komist upp fyrir moðreyk, heldur verið kveðnir niður sem „landráðamenn“, „föðurlandsvikarar“ og þar fram eftir götunum.”
(Dr. Valtýr Guðmundsson, 1899)
 - „Missýnist mér er mér virðist sem skáldið áminni þar landa sína að spara sér brigsli um landráð og föðurlandssvik?“
(Sigurður Guðmundsson, 1914)

Landráð í fyrra stríði!?





„Íslendingar áttu að fá tíu milljón kr. lán handa báðum bönkunum á Íslandi. Átti að kaupa annan bankann en hinn bankinn átti að skipta um bankastjóra. Ein milljón króna af láni þessu átti að ganga til þess að múta alþingismönnum. Þjóðverjar áttu að fá einkaleyfi til þess að hagnýta sér náttúruauðæfi Íslands og rétt til að nota landið fyrir flotastöð. Síðan átti Ísland að segja sig úr lögum við Dani og lýsa yfir sjálfstæði sínu. Ef Danir mótmæltu þeim aðförum átti þýskt herlið að ráðast inn í Danmörku. En í þakklætisskyni fyrir þessa hjálp Þjóðverja áttu Íslendingar að beiðast þess að fá þýskan þjóðhöfðingja til konungs yfir sig.”




Blóðhundurinn Hitler varinn í Hæstarétti

- „Það verður að telja það meiðandi og móðgandi fyrir erlenda menningarþjóð að segja það að hún hafi sadista (þ.e. mann sem svalar kynferðisfýsn sinni með því að kvelja aðra menn og pynda) í formannssæti stjórnar sinnar.“
(Hæstaréttardómur 88/1934)
- „Hæstiréttur metur mannorð Hitlers á tvö hundruð krónur.“
Alþýðublaðið, 31. okt. 1934



Seinna stríð og landráðadómar

- 1941: Dreifibréfsmálið og Valdimar Jóhannsson
- 1945: Andreas Godtfredsen
- 1947: Aðstoð við óvininn



Ásakanir og brigsl um landráð

- Kalda stríðið
- Þorskastríð
- Evrópusamruninn



Má saka menn um landráð?

- „Málið er að samkvæmt úrskurði dómstóla þurfa opinberar persónur að þola harðari ummæli en aðrir. Ef alþingismaður greiðir atkvæði með tilteknu frumvarpi og þú kallar hann landráðamann á blogginu þínu myndum við ekki gera athugasemdir við það.“ (Árni Matthíasson, umsjónarmaður mbl.is, 2009)
- „Persónuníð á ekki heima hér, ekki gjamm um landráð og föðurlandssvik.“ (Egill Helgason, 2009)



Voru framin landráð í hruninu og aðdraganda þess?

- Hvað gerðist?
 - Rannsóknarnefndin
 - Sérstakur saksóknari
 - Aðrar upplýsingar
- Hvað eru landráð?
 - Landráð að lögum
 - Landráð í sögunni
 - Landráð í vitund landsmanna
- Svar:
 - Já og nei

Litið um öxl III. Dramb

- „Hafi einhver efast um hæfni Karls sem kaupsýslumanns þá hefur þetta ár fært sönnur fyrir því að hann er eitursnjall í viðskiptum“ var sagt um Karl Wernersson. „Fjárfestingar erlendis hafa skilað gífurlegum hagnaði fyrir þennan *hógværa* og *snjalla* viðskiptamann“ var sagt um Pálma Haraldsson. „Hann þykir með *snjallari* mönnum í íslensku viðskiptalífi og afskaplega *djarfur* og *snöggur* að hugsa“ var sagt um Hannes Smáráson. „Og þeir virðast vera afar *klókir*“ var sagt um þá Lýð og Ágúst Guðmundssyni. „Jón Ásgeir hefur fyrir löngu skipað sér í hóp með *snjöllustu* kaupsýslumönnum landsins ...“ var sagt um Jón Ásgeir Jóhannesson.”



„Orðið landráð hefur fasta merkingu og það er hættulegt fyrir alla réttarvitund almennings og öryggi landsins að rífa niður merking þess ... Ég held að heppilegast væri að okkar löggjöf væri þannig orðuð að ekki nema eitt gæti heitið landráð: að svíkja landið undir erlend stjórnarvöld eða erlendan her.” (Einar Olgeirsson, 1941)

